

**Sp.**

**192. Tillaga**

til þingsályktunar um áfengismálið.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson, Bernh. Stefánsson, Ólafur Thors, Hannes Jónsson, Guðbrandur Ísberg, Bjarni Ásgeirsson, Jón Ólafsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Bergur Jónsson.

Sameinað Alþingi felur ríkisstjórninni að afla sér heimildar til þess með bráðabirgðalögum, að afloknu Alþingi því, er nú situr, að fella úr gildi fyrir næstu áramót áfengislög, nr. 64 7. maí 1928, og setja reglur til bráðabirgða, er komi í gildi 1. jan. 1934, um innflutning og sölu áfengra drykkja, og séu þær reglur í samræmi við þjóðaratkvæðagreiðsluna 21. okt. síðastliðinn.

**G r e i n a r g e r ð.**

Í efri deild hefir nú verið flutt frv., er miðar að því, að áfengislöggjöfinni sé breytt á þessu þingi í samræmi við þjóðaratkvæðagreiðsluna um þá löggjöf, þá er fram fór 21. okt. þ. á. Það þykir nú sýnt, að það frv. muni ekki ná afgreiðslu né þinginu vinnast tími til að lúka við fullnaðariöggjöf um áfengismálin í þetta sinn. Flutningsmönnum þeirrar þáltill., er hér liggur fyrir, þykir hinsvegar ekki annað hlýða en að Alþingi virði þann þjóðarvilja í þessu máli, er fram kom við fyrrgreinda atkvæðagreiðslu, og fyrir því er þessi tillaga flutt.